

3. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, aukafundur, haldinn á skrifstofu Ásahrepps mánudaginn 9. júlí 2018 kl. 08:30.

Mættir voru Ásta B. Ólafsdóttir, Ágústa Guðmarsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Elín Grétarsdóttir og Guðmundur Gíslason.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Guðmundur Gíslason.

Dagskrá:

1. Erindi vegna Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytis

- a. Erindi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis
- b. Bréf til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

Bókun E lista:

Aðdragandi þess að fulltrúi E-lista sá sig knúna til að senda ráðuneytinu ábendingu er sá að á fyrsta fundi hreppsnefndar þann 18. júní 2018 voru miklir ágallar á skipan meirihluta L-lista í nefndir á vegum sveitarfélagsins. Þrátt fyrir mótbárur og ábendingar fulltrúa E-lista á fundinum fór meirihluti L-lista fram með miklum einræðistilburðum og tók fáar ábendingar til greina.

Í fyrsta lagi höfðu fulltrúar E-lista ekki fengið nein fylgigögn undir lið 5. *Kjör nefnda samkvæmt samþykktum Ásahrepps*, því töldu fulltrúar E-lista að til stæði að hafa samráð um skipan í nefndir og hvernig sætum yrði skipti milli meirihluta L-lista og minnihluta E-lista. Sú var þó ekki raunin því meirihluti L-lista hafði þegar ákveðið hverjir skyldu sitja í hvaða nefnd og gerðu ekki ráð fyrir aðkomu minnihluta E-lista í þeirri vinnu. Þannig var til að mynda ekki gætt jafnræðis í því að fulltrúar E-lista ættu sæti í öllum nefndum og ennfremur fengu fulltrúar E-lista ekki að hafa áhrif á það hvaða einstaklingar sætu í nefndum fyrir hönd E-lista.

Þá bentu fulltrúar E-lista á að meirihluti L-lista gaf aðeins tveimur fulltrúum E-lista möguleika á aðalsæti, öðrum manni og sjöunda manni á E-lista, að undanskilinni samráðsnefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra en þar eiga allir kjörnir fulltrúar sæti.

Fyrsti maður E-lista hafði á síðasta kjörtímabili einnig setið í stjórn Lundar en var ekki boðin áframhaldandi nefndarseta þar án útskýringa. Í stað þess tók sæti í nefndinni við nýr oddviti, fyrsti maður L-lista og til vara annar maður á L-lista.

Þrátt fyrir að fyrsti maður E-lista sé sá eini af núverandi hreppsnefnd sem sat allt síðasta kjörtímabil var hann ekki kosin í neina nefnd sem aðalmaður. Kjörnir fulltrúar L-lista, þrjú talsins, voru kosnir í níu nefndir sem aðalmenn og líka voru þau varamenn í 7 nefndum á meðan kjörnir fulltrúar E-lista, tveir talsins, fengu kjörinn aðalmann í eina nefnd og varamenn í tvær nefndir. Varamenn L-lista, þrjú talsins, voru skipuð í þrjár nefndir sem aðalmenn og einnig í þrjár nefndir sem varamenn þar sem Skógarsafn er ekki meðtalið. Varamenn E-lista, þriðji og fjórði maður, sátu í stjórn á síðasta tímabili, með mikla reynslu höfðu ekki val um að sitja í nefndum fyrir sveitarfélagið á þessum fundi.

Athugasemdir E-lista vegna svarbréfs meirihluta Ásahrepps til ráðuneytis: Fulltrúar E-lista furða sig á að það er aldrei minnst á samþykktir byggðarsamlaga sem við teljum að ríki yfir samþykktir um stjórn og fundarskög Ásahrepps frá 13. janúar 2016

Kvörtun 1.

Brunavarnir. Fulltrúar E-lista undra sig á svari L-lista um kjör stjórnarfulltrúa í Brunavarnir. Í samþykktum fyrir Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. kemur fram í þriðja kafla, 6 gr. að skipa eigi stjórnarfulltrúa sem eru aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélagana. (Senda þar með afrit af Samþykktum fyrir Brunavarnir Rangárvallasýslu bs).

Varðandi félagsmálanefnd. Þegar fyrsti maður á E-lista bauð fram krafta sína til áframhaldandi setu í félagsmálanefnd höfðu fulltrúar L-lista í frammi ásakanir um að fulltrúi E-lista nyti ekki traust til áframhaldandi setu í nefndinni, væri vanhæfur til setu í nefndinni og gengu ásakanir jafnvel svo langt að dylgjur voru hafðar frammi um að fulltrúi E-lista hefði gerst brotlegur í nefndarstarfi. Fyrir svo alvarlegum ásökunum á hendur kjörnum fulltrúa verða að vera gildar staðreyndir en þær gátu fulltrúar L-lista ekki borið fram, en báru fyrir sig að fulltrúi E-lista teldist vanhæfur vegna starfa sinna sem fósturforeldri. Engu að síður kusu fulltrúar L-lista annan fulltrúa af E-lista í nefndina sem einnig starfar sem fósturforeldri og ætti því einnig að teljast vanhæfur til setu í nefndinni. Fulltrúinn sem L-listi hafnaði hafði samt setið síðustu fjögur ár í félagsmálanefnd í góðu samstarfi við alla sem þar komu að máli, er háskólamenntaður í uppeldis- og menntunarfræðum með mikla innsýn í félagsleg úrræði. Þar sem fulltrúar L-lista gátu ekki gefið haldbærar skýringar á afstöðu sinni gagnvart áframhaldandi setu fulltrúa E-lista í félagsmálanefnd sendi fulltrúi E-lista fyrirspurn á formann stjórnar félags- og skólabjónustunnar og félagsmálastjóra varðandi það hvort störf fulltrúans á síðasta kjörtímabili væru dregin í efa. Samkvæmt umboðslausum formanni, þar sem ekki var búið að funda í nefndinni, taldi hún ekkert óeðlilegt við vinnu fulltrúans. Svar félagsmálastjóra er á sömu leið: „ég get með heilum hug sagt að innlegg þín og störf hjá félagsmálanefnd hafa einkennst af mikilli fagmennsku. Á síðastliðnu ári tókst félagsmálanefnd á við eitt erfiðasta mál sem barnavernd á þjónustusvæðinu hefur staðið frammi fyrir og hefur vinna þín í því, innsýn og staðfesta verið ómetanleg. Þá hef ég enga ástæðu til að ætla að þú sért vanhæf til starfa í félagsmálanefnd né hef ég nokkurn grun um að þú hafir gerst brotleg við störf í nefndinni“.

Sorpstöð Rangárvallasýslu: Fulltrúar E-lista benda á að kjör stjórnarfulltrúa í samþykktum fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. kemur fram í þriðja kafla, Stjórnskipulag, 6 gr. að skipa eigi stjórnarfulltrúa sem eru aðalmenn í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélagana. (Senda þar með afrit af Samþykktum fyrir Sorpstöð Rangárvallasýslu bs).

Umhverfisnefnd. Vísun beint til kvörtunar.

Skógasafn. Fulltrúar E-lista bentu meirihluta L-lista á að það væri ekki í verkahring hreppsnefndar að skipa í nefndir eins og bókasafnsnefnd og nefnd vegna Skógasafns. Á það var ekki hlustað, en L-listi skipaði fyrsta fulltrúa E-lista til setu í nefnd Skógasafns og er það þá eina nefndin sem viðkomandi fulltrúi á sæti í.

Vatnajökulspjóðgarður. Fulltrúar E-lista telja eðlilegt að fulltrúi þeirra í Vatnajökulspjóðgarði láti sveitarstjórn vita ef þeir gefa ekki áfram kost á sér til setu í nefndinni. Ráðherra kemur líklega til með að óska eftir tilnefningu þegar skipa á í nefndina, og biður þá eins og venja er um tvö nöfn, karl og konu sem valið verður um í ráðaneytinu.

Útivistarnefnd. Göngu- og reiðleiðanefnd var skipuð tímabundin á síðasta kjörtímabili skv. 41 gr. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps, liður D, til að skoða hvaða möguleikar væru í boði í hreppnum í göngu- og reiðleiðum. Fulltrúar E-lista finnst tilvalið að skipa aftur í nefndina ef almenn ánægða er með nefndina. Ef skipa á aðra nefnd í stað hennar er venja að bóka fyrst um að stofna eigi nýja nefnd áður en skipað er í hana.

Bókasafnsnefnd. Fulltrúar E-lista benda á að bókasafnsnefnd var lögð niður þegar breytingar voru gerðar á samþykktum um stjórn og fundarsköp Ásahrepps, 13. janúar 2016.

Ungmennaráð. Ungmennaráð er ekki til skv. gildandi samþykktum Ásahrepps. Í fundargerð 44. fundar 12.04.2017 bað SASS um að Ásahreppur tilnefndi fulltrúa á aldrinum 14-25 ára með lögheimili í Ásahreppi í Ungmennaráð Suðurlands. Var um tímabundna skipan að ræða.

Kvörtun 2

Landsþing Íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúar E-lista spyrja hvers vegna það teljist eðlilegt að varamaður sé af sama lista?

Samband sunnlenskra sveitarfélaga auka aðalfundur.

Stöðugt vantar fylgigögn með dagskrá. Með því að láta fulltrúa E-lista vita af kosta boði um þátttöku í auka aðalfundi með dagsfyrirvara virðist tilgangur ekki vera sá að meirihluti óski eftir þátttöku og samvinnu með minnihluta.

Kvörtun 3

Skipulagsnefnd. Fulltrúar E- lista telja óeðlilegt að Guðmundur Gíslason hafi setið sem áheyrnarfulltrúi í byggðarsamlaginu í stað Nönnu Jónsdóttur þegar 27. gr. í samþykktum Ásahrepps: V. KAFLA segir: *Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin hreppsnefnd hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri hreppsnefnd sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.*

Björgvin Skafti Bjarnason sem einnig var viðstaddur á fundinum sem áheyrnarfulltrúi var skipaður í nefndina á síðasta kjörtímabili og sat því allt síðasta kjörtímabil síns sveitarfélags en ekki var búið að funda í hans sveitarfélagi fyrir fund. Nanna Jónsdóttir, fulltrúi Ásahrepps á síðasta kjörtímabili hugðist sitja þennan fund en tilvonandi oddviti óskaði ekki eftir nærveru hennar.

Fulltrúar E-lista fengu ekki að velja sína eigin fulltrúa í nefndir og hlýtur það að teljast fátítt að meirihluti í krafti valdsins beiti sér með þessu hætti. Þá fékk E-listi fá nefndarsæti þegar lítið er á að listinn hlaut rúmlega 40% atkvæði hjá íbúum hreppsins og finnst okkur lítið gert úr þeim niðurstöðum. Fulltrúar E-lista átelja þessu vinnubrögð meirihluta L-lista og eru þau ekki á nokkurn hátt í takti við þau loforð um lýðræðisleg vinnubrögð sem fulltrúar L-lista höfðu á lofti fyrir nýafstaðnar kosningar. Það felst mikil ábyrgð í því að hafa völd og það er sveitarfélaginu ekki til heilla að farið sé fram með þeim hætti sem hér var gert.

Með þökk,

Fulltrúar E-listans.

2. Erindi:

a. Bréf frá Árna Pálssyni

EG vék af fundi undir þessum lið

Sæl verið þið í hreppsnefnd Ásahrepps. Ég sá það í fundargerð á netsíðu Ásahrepps að ég hafi verið settur inn sem varamaður í Útivistarnefnd og vekur það furðu hjá mér þar sem ég veit ekki til að nokkur maður hafi haft samband við mig um hvort ég kæri mig um að það eða ekki og fer ég hér með framm á að vera umsvifalaust tekin þarna út sem varamaður. En um leið óska ég ykkur velfarnaðar á nýbyrjuðu kjörtímabili og vona að þið sjáið sóma ykkar í því að bera það framvegis undir fólk

hvort það telji sig hafa erindi eða áhuga á því að vera skipað í nefndir. Kveðja, Árni Pálsson Riddaragarði

Oddvita falið að svara erindinu og leysa hann frá störfum

- b. Fasteignagjöld – Erindi frá Guðjóni Inga vegna Áss 3
Ágæti viðtakandi. Fyrir misskilning hefur eign mín ÁS3 verið skráð sem atvinnuhúsnæði hjá hreppnum, ég hef verið með heimagistingu innan við 60 daga ári og eignin ekki fallið undir atvinnuhúsnæði. Ég hef verið að borga þess vegna hátt í helmingi hærrí fasteignagjöld en ég á að greiða. Ég hafði samband við sveitarfélagið fyrir löngu síðan og bað um leiðréttingu en við því hefur ekki orðið. Ég vona þess vegna að ný og betri stjórn taki á málinu. Bestu kveðjur Guðjón Ingi.

Oddvita falið að svara erindinu

Bókun E lista: Samkvæmt fyrrverandi sveitarstjóra er búið að leiðrétta skráningu fasteignagjalda eftir að tilskyldum leyfum hafði verið skilað inn.

- c. Erindi frá Sigurjóni Bjarnasyni varðandi ónýtar girðingar fyrir hross og í kringum hey á Þóristungum. Hurðir á hesthúsi eru lélegar og þarf að fjarlægja rusl. Samþykkt að fela umsjónarmanni fasteigna að taka út ástand á staðnum sem allra fyrst og oddvita falið að vinna málið áfram
- d. Landsnet – umsögn um kerfisáætlun
Drög að bókun v.kerfisáætlunar um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi

Sveitarstjórn tekur undir bókun SASS frá 10.7.2018 og oddvita falið að svara Landsneti í samræmi við það.

3. Styrkumsóknir:

a. Reiðvegir

Samþykkt að veita reiðvegastyrk allt að 400.000 kr á 10 bæi samkvæmt umsókn dags. 30.6.2018. Bæirnir eru: Litla-land: Fákshólar, Laufás, Ásbrú, Skógarás, Ás 1, Hellatún, Áskot, Sauðholt 2 og Ásmúli. Óskað er eftir að tilnefndur verði einn ábyrgðaraðili fyrir verkinu og verkinu verði lokið á árinu 2018. Styrkirnir eru veittir fyrir efniskaupum og akstri á efni samkvæmt reikningum.

Úthlutað samkvæmt fjárfestingaráætlun Eignarsjóðs fyrir árið 2018 og fellur undir liðinn Reiðvegir í áætluninni
Samþykkt með 5 atkvæðum.

b. Youth cup

Umsókn um styrk frá Sigrúnu Högna Tómasdóttur Miðmundarholti, sem hefur verið valin til að keppa fyrir Íslands hönd á alþjóðlegu hestaíþróttamóti „FEIF Youth CUP“ sem haldið verður í Axevalla í Svíþjóð 28. júlí – 4. ágúst 2018. Samþykkt var að þörf væri á að móta reglur fyrir sveitarfélagið vegna styrkveitinga.

Samþykkt var að veita krónur 60.000. Bókast á lið 02-80, ýmsir styrkir
Samþykkt með 5 atkvæðum

4. Fundargerðir

- a. Aukaaðalfundur SOS
Til kynningar
- b. 266. stj.fundur SOS
Til kynningar
- c. Stjórn Samb.ísl. sveitarf. – 861. fundur
Til kynningar
- d. Aðalf. Fjallskiladeildar Holtam.afréttar
Til kynningar
- e. Heilbr.eftirl.Suðurl. – 188. fundur
Til kynningar
- f. Háskólafélag Suðurl. – Aðalfundur
Til kynningar
- g. Umhv. og tæknisv. uppsveita – 53. stjórnarfundur
Til kynningar

- h. Umhv. og tæknisv. uppsveita – 54. stjórnarfundur
Samþykkt
- i. Byggingafulltrúi – 81. – fundur

*Ásahreppur. Syðri Hamrar 2. (L 165317); Umsókn um byggingarleyfi:
Íbúðarhús – viðbygging – 1806035.*

*Lögð er fram umsókn Jóns Þorsteinssonar, dags. 10.06.2018, móttekin
11.06.2018 um endurnýjun á byggingarleyfi, sem fékk samþykki 03.07.2009 á
viðbyggingu við íbúðarhús á lóðinni Syðri Hömrum 2 (L165317) í Ásahreppi.
Heildarstærð eftir stækkun er 219,7 m²
Samþykkt*

Sveitarstjórn staðfestir bókun byggingarfulltrúa

- j. Skipulagsnefnd – 159. fundur

*Ásahreppur: Sjónarhóll L198871: Aukið byggingarmagn og byggingarreitum
breytt: Deiliskipulagsbreyting - 1806043*

*Lögð fram tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi að Sjónarhóli í
Ásahreppi lnr 198871. Breytingin felst í að land Sjónarhóls hefur stækkað úr
2,8 ha í 5,0 ha. Einnig er byggingarreitur fyrir skemmu B1 stækkaður til
norðurs og aukið byggingarmagn á reitnum um 800 m². Þá er aukið við
byggingarmagn um 100m² á byggingarreit B2 sem er reitur íbúðarhúss.*

*Að mati skipulagsnefndar er breytingin í samræmi við aðalskipulag svæðisins
og gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr.
skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn staðfestir bókun skipulagsnefndar

*Lækjartún L165306: Íbúðarhús, skemma og gróðurhús:
Deiliskipulagsbreyting - 1806056*

Umsókn frá Guðmundu Tyrfingsdóttur dags. 13. júní 2018 um breytingu á gildandi deiliskipulagi í landi Lækjartúns landnr. 165306 í Ásahreppi. Breytingin felur í sér að bætt er við nýrri 3,44 ha lóð þar sem heimilt verður að byggja allt að 300m² íbúðarhús, allt að 300m² skemmu, allt að 500m² gróðurhúsi og allt að 100m² gesthúsi. Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022.

Að mati skipulagsnefndar er breytingin í samræmi við aðalskipulag svæðisins og gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir bókun skipulagsnefndar

- k. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. – 197. stjórnarfundur
Til kynningar
- l. Aukaaðalfundur Bergrisans bs.

Oddviti fór yfir aukaaðalfundargerð Bergrisans bs frá 18.6.2018.

Undir 6. lið fundargerðarinnar er fjallað um byggingu sjö íbúða þjónustukjarna fyrir fatlað fólk á Selfossi en fyrir liggur samþykki Íbúðalánasjóðs um stofnframlag. Undir 8. lið er fjallað um þá tillögu að keypt verði íbúðarhús á Selfossi undir úrræði fyrir börn með fjölbáttan vanda.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að ráðist verði í bæði verkefnin, en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Til Kynningar:

- a. Hagvangur – auglýsing
- b. Fjármálaráðstefna – hótalgisting
- c. Umhverfis-og auðlindaráðuneytið – Vatnajökulspjóðgarður
- d. Handavinnusýning – Jórunn Eggertsdóttir
- e. KPMG - v. fyrirspurnar um upplýsingar um launakjör
- f. Uppfærsla á landshlutabæklingnum „South Iceland“
- g. Deloitte - persónuverndarfulltrúar
- h. Krumma – færanlegt leiksvæði
- i. Hreyfingalisti fjárhags
- j. Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum
- k. Úrgangsmál/Sorpa
- l. Könnun vegna vinnuskóla sveitarfélaga
- m. Skýrsla um starfsemi Háskólafélags Suðurlands 2017
- n. OneSystems
- o. Kynningarfundur um raforkumál
- p. Hagkvæm íbúðarhús fyrir landsbyggðina

Fundargerð yfirlésin og samþykkt. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:32

Ásta B. Ólafsdóttir (sign)

Elín Grétarsdóttir (sign)

Guðmundur Gíslason (sign)

Ágústa Guðmarsdóttir (sign)

Brynja J. Jónasdóttir (sign)